V. Thaning & Appel.
Købmagergade 16.
Papir
Protokoller
Merkantile Tryksager
№ 207
Man behøver kun at opgive ovenstaaende Nr. for at faa den samme Bog.

# Þröstur

flytur lesendum sínum ritgjörðir, kvæði og skrítlur.

Útgefandi U.M.F. Vaka

**Ritstjórn**

Ragnar Jóhannesson
Margrét Bessadóttir
Margrét Ólafsdóttir
Jónas Ásmann

I. tölublað fyrsti árgangur 31. des. 1936.

# Inngangur.

Á fundi, sem U.M.F. Vaka hélt í vetur, var samþykkt að félagið gæfi út blað, í þeim tilgangi að æfa og þroska meðlimi sína, til þess að temja ritgjörðir og beina hugsunum sínum, að þeim málefnum, sem þeir vilja vinna að.

Nú eru ungmennafélög starfandi í öllum sveitum og kaupstöðum landsins, og eins og nafnið bendir til, er það æskulýðurinn, sem er máttarstólpi þessa félagsskapar.

Ungmennafélagshreyfingin er að vísu ung hér á landi. Fyrsta félagið var stofnsett á Akureyri árið 1906. Þó hreyfing þessi sé tiltölulega ung, hefir hún breiðst um allt landið, og er nú, sem áður er getið í hverri sveit og kaupstað. En nú gæti maður spurt Hefir þessi hreyfing nokkuð gert? hefir æskulýðurinn sem þarna vinnur nokkru afkastað í þágu sinnar þjóðar? Já vissulega! Ungmennafélögin hafa mikið gert til góða æskulýðnum, og allri þjóðinni í heild. Þau hafa komið á stað bindindi á skaðlegar nautnir. Þau hafa vakið upp íþróttalöngun þjóðarinnar. Þau hafa unnið að skógræktun, garðrækt,

túngræðslu, byggingu sundlauga o.fl. o.fl.
En félögin hafa unnið misjafnlega mikið, þau eldri vitanlega gert meira en þau yngri.
Nú skulum við líta til okkar félags — Ungmennafélagsins „Vaka". Hvað hefir það nú gert fyrir meðlimi sína, fyrir sveitina sína og þjóð.
Hefir það ~~sofið~~ vakað? eða hefir það sofið?
Því miður hefi eg ekkert séð eftir það, en þess skal þó gæta, að það er enn ungt, og á sína framtíð í vændum. Eg get alls ekki hugsað mér annað en „Vaka" eigi eftir að vinna sinn skerf að þeim göfugu málefnum, sem æskan beitir ~~að~~ sér fyrir, og eg veit að „Vaka" á sínar hugsjónir og framtíðardrauma, og sá tími kemur, að hún fylgir hugsjónum sínum úr hlaði út í sólskinið og vorið og með hjálp andvarans, hinna íslensku vorkvölda lyftir hún þeim hærra og hærra, og alstaðar þar sem hún hefir lagt hönd að verki, hljóma þessar setningar:

Gott er að vera ungur enn
og eiga í vændum langan dag
Við Íslands hraustu æsku menn
eigum að styrkja lands vors hag.

Viljum við svo öll bjóða blaðið Þröst hjartanlega velkominn í félagsskap vorn.

(Þröstur)

## Hversvegna flytur fólkið úr sveitinni?

Þessa spurningu höfum við oft heyrt, og jafnvel lesið, og einnig ýmiskonar svör við henni; en við höfum aldrei heyrt, að það væri af leti.
Ef við gætum vel að, þá sjáum við að þetta ljóta orð „leti" gæti verið svar við þessari spurningu. Fólkið fer burtu frá hálfunnum störfum, það hugsar ekkert hver eigi að taka við af þeim, og vinna þau til enda, það kemur því ekki við. Framfarirnar eru litlar, og óþægindin yfirgnæfandi; það er það eina sem það veit, og þessvegna er sjálfsagt, að flýja burt.
Gömlu mennirnir sitja úti horni og strjúka kræklóttri hendi yfir hærurnar, þeir eru bognir í baki og þreyttir. Eigum við þá, þessi kynslóð sem tekur við af þeim, að flýja það starf, er bíður okkar. Er það okkar hlutverk?
Ef við erum Íslendingar, þá rekum við letina á dyr, og bjóðum vinnuna velkomna. Við tökum saman höndum, og gerum sveitina okkar hlýjar og bjartar. En ef við erum það ekki, þá flýjum við í kaupstaðina.
Hvað segir kunningi þeirra, sem er fluttur í kaup—

þegar þú spyrð hann, hvernig honum líki lífið þar? Er ekki oftast svarið að minna þyrfti marka að vinna (þar) og nóg væri um félagslíf og skemtanir? En samt er alltaf sami tónn lagt við þetta svar, þú finnur að það er söknuður í þögninni sem kemur á eftir. Svo líður tíminn, og loks er engin þögn og enginn söknuður. Loftið er þrungið af hávaða og svæfandi skrölti; félagi þinn hefir gleymt sveitinni sinni.

Hann heldur, að þetta sé að lifa. Hann hefir jafnvel gleymt kyrlátu sumarkvöldunum, þegar hann kom þreyttur heim frá vinnu sinni, og settist á einhverja þúfuna, sem var bak við bæinn hans, og beið þar meðan sólin seig til viðar. — Þú finnur best á slíkum kvöldum, hve mikil ítök íslensk sveitafegurð á í sál þinni. Þú sérð sólina síga til viðar, og breiða gullna ábreiðu yfir hafið. Þú finnur andardrátt þess, er það sefur við sandana. Þú sérð eyjuna þína dimmbláa og dreymandi, þar sem hún stendur á verði úti miðjum firði. Þér finnst fjöllin aldrei hafa verið jafn há og tignarleg eins og nú, þar sem þau rísa við kvöldbláan himininn. — Allt er hljótt. Þú læðist inn í herbergið þitt, og lokar á eftir þér.

Þú opnar gluggann og leggst til hvíldar. Húmið svífur hljóðlega inn um gluggann, og svæfir þig í örmum sér. En gættu að þú, áður en þú ferð að sofa, hvort þú vilt fórna þessum kvöldum fyrir leikhús og litla vinnu. —

# X

## Lítil ferðasaga.

Einu sinni fór ég út í Þórðarhöfða með mörgu fólki. Veðrið var eins og það átti að vera, logn og sólskin. Við höfðum góða hesta og gátum farið hart. Við urðum fljótlega fyrst, og klifruðum þá af baki, við hverja lækjarsprænu, sem á leið okkar varð, og svöluðum þorsta okkar. Þegar við komum að Mýrarkoti, báðum við um sopa að drekka, og gat ég vel ímyndað mér, að við höfum drukkið úr fullri tunnu. Húsfreyjan í Mýrarkoti fór með okkur út í höfðann, og þótti okkur það mikið skemtilegra, því hún var svo kunnug leiðinni.

Þegar við komum á áfangastaðinn, spruttum við af hestunum, og tókum til nestispokanna, ~~og~~ gengum við svo um höfðann og skoðuðum landslagið. Fórum við uppá hvern hól og hverja hæð,

og síðast klifruðum við upp á Álfkonuhólinn. Sáum við þá yfir alla Stífluhlíðina, Drangey og Málmey. Þegar við vorum búin að sjá allt sem okkur langaði til, lögðum við á stað heim á leið. Húsfreyjan í Mýrarkoti bauð okkur heim og þáðum við það með þökkum. Meðan húsfreyja var að taka til góðgerðirnar, sátum við fyrir utan bæinn og horfðum á sólsetrið sem var svo töfrandi fagurt. Þegar við komum inn, lyftist heldur á okkur brúnin, þegar við sáum hver rétturinn var, sem á borð var borinn, en það var sykrað skyr og kaffi á eftir. Lögðum við síðan á stað, og héldum heim glöð og ánægð yfir ferðinni.

# Skógræktarhvöt.

Fegurð íslenskrar náttúru er viðbrugðið, sérstaklega að sumrinu. Fjöllin, fossarnir, dalirnir, hverirnir, árnar, fuglakvakið, blómskrúðið og skógarilmurinn. Allt þetta snertir svo dásamlega viðkvæmustu strengi í sálum okkar. – Útlendingar gera sér ferð yfir hið ólgandi Atlandshaf, norður undir heimskaut, til að skoða landið, sem er svo „undarlegt sambland af frosti og funa". Þegar þeir snúa heimleiðis, undrast þeir mest, að þetta heillandi land skuli bera svo kalt nafn „Ísland". Það fer nístandi kuldahrollur um þá, sem ekki þekkja landið, þegar þeir heyra það nefnt. Það er einkum eitt, sem útlendingum finnst skorta á fegurð hinna hrikalegu, en þó angurblíðu, íslensku náttúru, og það eru skógarnir. Það sem við í einfeldni okkar köllum skóga, er í þeirra augum og í raunveruleikanum aðeins lágvaxið kjarr. Einstöku hávaxið tré á okkar mælikvarða minnir þó á blómatíð íslensku skóganna, þegar landið var skógivaxið milli fjalls og fjöru, eins og segir í Íslendingabók Ara fróða.

Skógarnir eyddust af völdum mannanna og náttúruaflanna. Ekki dugir að leggja forfeðrunum

okkar á hálsi fyrir það, að þeir notuðu skógana í ýmsa búshluti, og til eldiviðar, jafnframt því sem þeir beittu í þá kvikfénaði sínum. Þeir voru neyddir til að draga fram lífið á því, á hörmungartímunum þegar samgöngur til landsins svo að segja tepptust, en eldgos og drepsóttir plöguðu landslýðinn. En hinu getum við ekki gleymt í bráð hve tómlátir þeir voru, að græða ekki upp þau svæði, er þeir hjuggu og beittu. Þeir hafa þó sér til afsökunar aðstæðurnar, sem þeir bjuggu við. Landið blés því upp og bísaldarleg héruð eyddust af sandágangi og urðu víða örfoka.

Á síðustu áratugum er hafið nýtt landnám. Sandarnir eru græddir, álitlegustu skógarsvæðin eru girt og friðuð og nú hefst nýgræðslan.

Ungmennafélögin unnu um eitt skeið að verndun skógarleifanna með góðum árangri, eftir því sem efni stóðu til. – Skógræktarfélag Íslands var stofnað á Alþingishátíðinni 1930. Það hefir göfugt hlutverk af hendi að inna, og öllum Íslendingum er skylt, að veita því lið sinni. Ungmennafélögin verða að sjálfsögðu að vera í fylkingarbrjósti. – Við getum lært mikið af reynslu frændþjóða okkar í þessu efni.

Stórkostlegasta dæmið um árangur af skógræktarstarfi á Norðurlöndum er rækun jósku heiðanna.

Ef skógræktarmálið mætir þeim skilningi og þeirri velvild allra landsmanna – og þá fyrst og fremst ungmennafélaganna – sem það sannarlega á skilið, má búast við, að talsverður árangur sjáist nokkru áður en „krónur grafir skýla" ösku liðinna manna.

Því skuluð þið þá ekki félagar góðir fá ykkur álitlegan blett á komandi vori, koma saman og vinna að skóggræðslu. Það mundi verða til þess að vekja áhuga hjá ykkur, fyrir að vinna fyrir félagið, þegar plönturnar fara að vaxa, og þið sjáið árangurinn af starfinu, svo að á komandi árum mætti félagið vaxa að menningu og þroska í skjóli skógarins.

(Skógræktarvinur)

## Meyjan í dalnum.

1. Meyjan blíð í dalnum djúpa
degi fegri og sólarglóð.
Og vil í anda klökkur krjúpa
og kveða lít þín ástarljóð.

2. Þú ert umgyrt armi fjalla
angan blóma frjáls og hrein
og mig dreymir daga alla
drauma, sem að átt þú ein.

3. Þegar vorblóm vefja haga
vetur horfinn langt á braut,
syng eg hjá þér sumardaga
sólaróð í grænni laut.

4. Hjarta mitt í brjósti bærist.
Burtu þokar degi nótt
Húmið yfir foldu færist
friður ríkir, - allt er hljótt.

Þ.

## Dálítil ferðasaga.

Það er hvorki mikið eða merkilegt, sem eg hefi að segja í þetta sinn. Það er aðeins dálítið brot úr ferðasögu, sem kunningi minn sagði mér fyrir nokkrum dögum.
Sá sem söguna segir heitir Gunnar og á heima í Nesi, margir kannast við hann og er hann almennt kallaður Gunnar í Nesi. Gunnar segir svo frá:
„Það eru nú rúmlega tvö ár síðan að húsbóndi minn sendi mig vestur í Húnavatnssýslu, til að sækja hest, sem hann keypti þar. Þetta var um miðja jólaföstu. Eg lagði af stað að heiman, að loknum morgunverðinum. Veður var bjart, en frosthart, og dálítil fönn. Þegar fór að dimma um kvöldið, fór eg að hugsa um hvar eg ætti nú helst að gista. Allt í einu kom eg þá auga á stóran og mikinn bæ, þar skammt frá, og afréð eg strax að fara þangað heim. Eg barði að dyrum og kom út unglingsstúlka, eg þekkti engin deili á henni og vissi ekki hvort það var frekar heimasætan eða

vinnukonan. Ég gerði boð eftir húsbónda
og kom hann skjótt fram. Bar ég upp við
hann erindið og var það auðsótt.
Bóndi var hinn kátasti um kvöldið og
vildi hann skemmta mér eins vel og hann
hafði vit á. Ræddi hann því ýmislegt
um pólitík, trúmál, kvikfjárrækt, kvenfólk
eða jarðabætur. Að lokum endaði bóndi ræðuna
á þessa leið. „Ég held að unga fólkið hérna í
sveitinni sé nú alveg að verða vitlaust núna, því alltaf
að bíða til laugardags, þá á nú víst eitthvað að standa
til, þetta líka óskaraball, og svo er nú trúlegt verið að
æfa einhvern leik, – já það er nú meira tístandið.
Þarna stelkur fólkið frá verkunum hlaupandi mitt-
jum degi, og kemur ekki heim fyrr en um miðjar
nætur. Ég trúi að dóttir mín sé ein í þessu líka, þetta
þekktist nú ekki í mínu ungdæmi, hvernig líst þér nú á þetta". Ég var að verða syfjaður
undir ræðunni og svaraði aðeins á þessa leið.
„Ég er ekki fær um að dansa slíkt." Rétt á eftir fór
bóndi eitthvað fram í bæ, svo ég var einn eftir, stóð ég þá upp
og fór að ganga um gólf í stofunni, í því heyrðist mér
manna mál fyrir framan hurðina, og var það eitthvað
á þessa leið. „Svo skyldi hún vera inni í stofunni í
nótt, þegar maðurinn er steinsofnaður." En slíkt

skilur ekki ferðlúinn maður, og gefur því þar af leiðandi
engan gaum. Skömmu síðar kemur húsfreyja inn
og spyr mig hvort ég vilji ekki gjöra svo vel og fara að
hátta. Ég þakkaði fyrir, því ég var bæði lúinn og syfjaður
og kaus helst af öllu að fara að sofa
Hún fylgdi mér svo til herbergis þess, sem ég átti að sofa í, það
var lítið herbergi, í því var lítið borð, er stóð við rúmið og á því
var eitthvað af móðins blöðum. Myndir héngu hér og þar
á þiljunum. Stór gluggi var á stafni og breitt fyrir hann
að hálfu leyti. Húsfreyja fór og bauð góða nótt. Ég flýtti
mér að hátta slökkti ljósið og reyndi að sofna, en það gekk
ekki vel. Einhver óþægilegur geigur greip mig, svo ég
varð allt í einu myrkfælinn. Margar einkennilegar þjóð-
sagnir rifjuðust upp fyrir mér, svo ég varð andvaka.
En að lokum sigraði svefninn þessar hugsanir, og ég sofnaði.
Mig dreymdi illa, mér fannst kona einhver hræðileg ófreskja
og leggjast yfir mig í rúminu og ætla að merja mig í sundur
Allt í einu vaknaði ég við einkennilegan atburð, það var
kippt í sængina hjá mér og sagt. „Vaknaðu Dísa"!
Mér varð svo bilt við, að ég hrökk upp í rúminu bæði hræddur
og hissa, reiður og undrandi. Við rúmið stóð hálfklædd
stúlka, lág og gild, dökkhærð og kringluleit. Ég var í því
skapi, er ég sá þessa sýn, að ef það hefði verið karlmaður
þá hefði ég tafarlaust stokkið á hann og kastað honum út.

Ten og sagði bara. „Ég heiti ekki Dísa." Stúlkan varð víst ekki minna undrandi en ég, hún hopaði á hæl og hrópaði „almáttugur"! „ófyrirgefanlegt maður, þetta var alveg óviljandi gjört, við systurnar erum vanar að sofa hér en af því ég var ekki heima í gærkvöldi, þá hefir það nú atvikast svona. Mér þótti leitt að hlusta á þessa afsökun og var varla hissa hvað stúlkan var þaulsætin þarna hjá manni úr annari sveit, og það um hánótt og þar að auki á milli klæðunum, ég var að hugsa um að segja, alltaf virkilega ekki að hafa þig hérna í kuldanum en síðan í því fór hún og bauð góða nótt. Ekki gekk betur að sofna eftir en áður, um hugsunin um þetta óvanalega fyrirbrigði hindraði svefninn. Að lokum sofnaði ég og þegar kom að var undir morgun, og svaf dálitla stund. Ég lagði nafnmiða á blað, og í þeirri von, að ég megnaði sofa betur næstu nótt.

Gunnar hvaðst ekki hafa tíma til að segja meira að sinni, en lofaði en einu sinni.

J. J.

# Skrítlur

1. Prestur nokkur var á ferð ásamt öðru fólki og reið sínu uppáhalds hrossi, rauðri hryssu, sem hann átti. Klerkur var all kátur, því Bakkus var hans besti vinur. Rauðka var skeiðhross mikið, og hugði klerkur nú, að sýna samferðafólkinu kosti hennar, og slengir henni á skeið yfir mýrarblett eitt, sem var á leið þeirra.
En er kom út á mitt sundið, lenti Rauðka þar í feni allmiklu og sökk upp á síður. Klerkur baðar út öllum öngum og kallar til fólksins „Sjáið hvað blessuð skepnan skeiðar."
2. Maður nokkur kom í búð á Akureyri, og bað um 10 km af baunum. Búðarmaður áttaði sig ekki strax, hvað hann meinti, en segir. „Þú meinar alltsvo 10 kg." „Já"! segir maðurinn „Ég er nefnilega alveg villaus í þessum kílómetrum punda hæð."
3. Sami maður kom eitt sinn til nágranna síns, og bað hann að járna með sér hest og hafði um leið yfir eftirfarandi klausu. „Mér finnst hart af einni konu, að neita einum manni, að halda einum fæti á einni meri

og segi henni það til skammar svo fleyri heyri, „nefnilega - helvítis-já"!

4. Maður ~~nokkur~~ guðhræddur og góður, ~~geffk~~ gekk til kirkju á jóladaginn, að hlusta á prestinn sinn. Sest hann skamt frá predikunarstólnum og hugðist, að taka vel eftir því sem blessaður presturinn segði. Þegar hann kom heim spyr móðir hans um ræðu prests. Manninum varð svarafátt, en að síðustu stundi hann því upp, „að í raun og veru myndi hann ekkert úr ræðunni, því hann hefði allan messutímann, verið að grufla um hvað prest-urinn hafði sagt síðast," og þannig misti maðurinn af allri ræðunni, því hann vissi aldrei, hvað presturinn sagði síðast.

5. Eitt sinn kom maður á bæ á Norðurlandi. Honum er boðið að stansa og þyggja kaffi; og þáði hann það með þökkum.
Fara þá tveir strákar með honum, til þess að láta inn hestinn hans. Leggur hann hnakkinn og tvo poka, sem hann hafði meðferðis á hesthúsvegginn. (Reiddi hann poka þessa í hnakknum fyrir aftan sig, en sem almennt er kallað á góðri íslensku „að reiða undir sér".) Síðan halda þeir heim að bænum, en er þeir voru komnir skamt frá hesthúsinu stansar maðurinn allt í einu og tekur eftir hundi sem liggur á húsveggnum, segir þá karl:
„Ætli hundurinn pissi ekki upp við pokana mína? Nei ég held hann pissi ekki, hann liggur svoleiðis."

Þ.

Íþróttir fornmanna.

Uppeldishugsjónin „hraust sál í hraustum líkama" hefir vakað meira eða minna glöggt fyrir hverri kynslóð.
En þó hefir þeirri hugsjón skeikað all-verulega frá því sem ætti að vera, að hafa jafnvægi hins andlega og líkamlega þroska jafnt fyrir augum.–
Ýmist hefir líkamsmenningin– ýmist sálar uppfræðslan setið fyrir. Ríkasta atriðið í manngildis-hugsjón fornmanna var hreysti, því undir hreystinni áttu þeir mest sitt traust fólgið í lífsbaráttunni.
Fornmenn hlutu því, að leggja meiri rækt við að þroska líkamskraftana og hugprýðina, því í þá daga voru mennirnir dæmdir eftir skjótleika sínum og eins eftir því, hvort þeir voru auðugir eða fátækir.
(Að vísu helst það enn við, að ríkir menn geta haldið sig uppi, í áliti manna, með sínu ríkidæmi, en hversu það muni vera hald gott getum við öll giskað á.)
Íþróttanám fornmanna var fyrst og fremst í því fólgið að temja sér vopnfimi því flestir eða allir, gátu búist við því að þurfa oft og mörgum sinnum að verja líf sitt.
Vopnfiminni má skifta í þrjár aðalgreinar.
Skylmingar, bogfimi og kastfimi (allt svo með spjóti)
Skylmingar voru þannig, að hver og hver gengu að, og áttust við vopnaskifti.
Sverðin sem notuð voru til slíkra æfinga, hafa sennilega verið egglaus svo menn ekki særðust. En þá er gengið var til skotæfinga reistu menn sér skotspón, og tóku sér svo stöðu í hæfilegri fjarlægð, eftir því sem hver var bogfær til.
Við æfingarnar voru einatt notaðar stórar örfar, og nefndust þær kolfar, að hitta í miðjan spóninn var frægðar-skotið.
Máltækið „að hafa einhvern að skotspæni" mun að líkindum vera runnið frá skotæfingum fornmanna.– Samfara skotfimis æfingunum voru einnig stundaðar kastfimis æfingar. Keptust menn þá einnig við, að hitta sem mest miðju í skotspón, er reistur var þar sem vel mátti sjá til. Einnig æfðu fornmenn sig á

að kasta sem lengst.
Nauðsynlegt þótti að geta kastað jafnt
báðum höndum. Þess er jafnvel getið um
stöku menn að þeir köstuðu tveim spjót-
um í senn. Er mælt að Ólafur Tryggvason
hafi leikið þá íþrótt, og kent hana
Tryggva syni sínum, og að Tryggvi hafi komist
svo að orði, er hann beitti þessum fimleik
í orustum „Svo kendi faðir minn mér að messa."
Sennilega hefir kastið aldrei getað orðið öruggt
er skotið var tveim spjótum í einu, nema
þá því að öðru væri kastað aðeins fyr,
því varla mun vera hægt að miða
svo glöggt stefnu þeirra beggja í senn.
Margt fleira smávægilegt iðkuðu fornmenn,
viðvíkjandi vopnfimi svo sem steinkast,
handslöngvan og margt fleira.
Sundlistina stunduðu fornmenn frá blautu
barnsbeini. Atvinnulíf þeirra var ekki
síður rekið á sjó en landi. Þess vegna
þótti nauð~~s~~synlegt að kunna sund til
þess að bjarga lífi sínu, ef skipi hvolfdi;
eða flýja þyrfti skipsfjöl undan fjand-
mönnum sínum. Sundsýningar voru oft

í viður-vist fjölda áhorfenda og sýndi þá sund-
maðurinn leikni sína á ýmsa lund eftir því
sem þá tíðkaðist, en aðallega var stefnt að
því, að kaffæra hvern annan, uns annar hvor
þraut máttinn (Má þar til nefna Kjartan Ólafsson
og Ólaf konung Tryggvason o.fl.) Má víst fullyrða,
að forn-öldin hafi staðið nútímanum mikið
framar í sund kunnáttu.
Hlaup iðkuðu fornmenn, og stofnuðu jafnvel
til kapphlaupa þeir vissu það vel, hversu
áríðandi það var hverjum manni að eiga
þolgott brjóst og skjótar fætur. (Víða er þess
getið um menn, er voru svo fráir á fæti að
fljótustu hestar höfðu varla við þeim.
Voru þeir taldir allra manna fóthvatastir
Ólafur Tryggvason og Haraldur gilli.
Fornmönnum þótti og áríðandi að kunna vel
stökk. Ungir menn stunduðu stökkfimi
af miklu kappi og hinir eldri héldu
henni við í lengstu lög.
Enda kom það sér oft betur að vera
léttur á sér, og geta brugðið sér á
loft í viðtögum t.d. í orustu.
Ef annar vegandinn fékk eigi svigrúm

til þess að bera af sér högg eða lag, þá var ei annað undanfæri en að stökkva undan til hliðar eða uppyfir það. (Sagt er að Gunnar á Hlíðarenda hafi stokkið hæð sína í öllum herklæðum og fl.)

En aðalkostur stökkæfinganna er sá að sú íþrótt venur alhliða á þroska líkams og eykur honum samræmi í vaxtarlagi og hreyfingum.

Jafnvægisæfingar iðkuðu fornmenn all venjulega. Var því þannig, að gengið var eftir mjóum rám og leiknar ýmsar listir (Sagt er að Ólafur konungur Tryggvason hafi gengið eftir árum utanborðs, er menn hans reru Orminum langa, leikið handsaxaleik þrem söxum svo að jafnan var eitt á lofti)

Fornmenn áttu sér líka ýmsa sjálfstæða leiki, sem leiddu að eflingu líkamsþroskans, án þess beinlínis að hafa viðfangsefnina að markmiði. Sérstaklega var það knattleikurinn, sem var höfuðskemtun forfeðra vorra, einkum á vetrum. (Kom hann í stað dansleikanna og sjónleikanna nú á dögum)

Leikvöll völdu menn sér sem sléttastan og harðastan, til þess að knötturinn rynni vel og stökkva sem best. Tíðast var leikið á ísi, ef þess var kostur.

Um leikinn voru venjulega tveir menn auk leikstjóra sem sjá áttu um að leikurinn færi fram skipulega og friðsamlega. Leiktólin voru knöttur og knatt-tré. Knötturinn hefir sennilega verið úr tré og holur innan. Minsta kosti var hann harður viðkomu, því af honum hlutust oft meiðsl.

Knötturinn var sleginn með trénu, ýmist á jörðu eða þá í lausu lofti. Leiksviðið var markað þannig, að tvær merkjalínur voru dregnar jafnhliða hvor annari með alllöngu millibili, og leikslokin voru að sá vann, sem gat komið knettinum útyfir línuna.

Glímur voru allmikið iðkaðar, sérstaklega eftir að dofna fór yfir knattleiknum. Ungir menn stefndu oft til glímufunda heima í sveitum, og á alþingi var bændaglíma mjög í hávegum höfð. Hét ég lö

staðar numið að skýra frá líkamsmentun forfeðra vorra það er að vísu mjög af vanmætti gert en þó getur maður séð á því, sem skrifað hefir verið hér að framan, hversu mikla rækt þeir lögðu við að þroska líkama sinn, og sem telja má eina af aðalorsökunum til þjóðþroska þeirra bæði í andlegu og líkamlegu tilliti:

Er sorglegt að vita hversu vér stöndum forfeðrum vorum langt að baki á sviði líkamsmenningarinnar. Nú þykir sá mestur maðurinn, er hæst hrópar og fyrir-ferðarmestur er á mannamótum. Á hitt er ekki litið, hvort vit, einlægni og hugprýði býr á bak við orða-glamrið eða hvort líkami sá hinn mikli sé annað en ónýt byrði eigandanum og óhæft verk-færi til allra framkvæmda.

Nú gerast ungir og uppvaxandi æskumenn vesælir ef beygja skal kné eða kreppa olnboga.

Óskandi að nú uppvaxandi kynslóð hefði það alltaf hugfast að „hreysti einstaklingsins er hreysti þjóðarinnar.

S.

1. Þröstur minn! Hvað þú ert svangur:
þjáninn mjór og beinalangur.
Bara ég ekki elisslangur
eitt hvað, sem að geðjast þér.
Ég veit þinn emill er svo strangur
en erfitt með að bjarga sér.

2. Veit ég að þú vendur hnellinn
vinur minn, - en aðeins hnellinn.
Umfram allt þó ekki hnellinn
eitt-hvað þegar máli blæs.
Fleygðu skjótt á handa hnellinn
hvendu þér nú steikta gæs.

3. Ef einhver vill í eldinn skara
og þig langar til að hjara
skal ég semma á fætur fara
og fiska spræku handa þér.
Andvíki þarf ekki að spara
ef það bara finnst hjá mér.

4. Leiktu þér svo langa daga
lífinn við gnægtir Braga
Gúðurs söngur, - gnúðar saga
glymji yfir salaþröng.
Hjörðin glest í hindís haga
hylli þig svo kvöldin löng.

5. Ef þig loksins. Elli-bugar
enginn vendar kraftur dugar.
Vígjans hendur vanmáttugar.
Vonlaust um að bjarga þér.
Allir vindast annars hugar
er því mál að halla sér.

6. Skaparinnarskrefa valdur
skóp svo þennan lífsins galdur.
Ræsin ung og neir við aldur
nökum eigi hrinda frá.
Gustur dauðans kjara kaldur
kveikti nýja gássins frá

— — — — — —

7. Sólin bjart í sumarheiði
sígur víkadrengsins leiði.
Þreyttur er af þöndu skeiði,
þarfnist mest að hvíla nótt.
Svefnsins dís þig blæju breiði.
Blessist vendin. — Góða nótt.

— — — — — — —

8. Gott eiga þeir, sem geta sofið
glettur erfiðisins rofið
og í draumsins unað ofið
efndir þess, sem fyrrum brást.
Gott eiga þeir sem geta sofið
gleymt um stund að lifa og þjást.

Skýjaglópur.

## Það kemur aldrei aftur.

Eg á víst að skrifa grein, langa, snjalla og sannanda, en þessir löngu skammdegis dagar eru ekki dagar til að vinna, tíminn vill glatast oss og fyrir bræðrunum er vanur á ferð.

Þeir áttu margar mílur eftir ófarnar, þar til þeir næðu heim. Þar lá faðir þeirra veikur, og þeir þráðu svo mikið að sjá hann áður en dauðann bæri þar að dyrum.

„Mér sýnist hestinum þínum bera sig þreytulega“ sagði yngri bróðirinn.

„Þreytulega, eg ímynda mér að hann uppgefist ekki á undan þínum“ sagði eldri bróðirinn.

„Ójú, bróðir minn, hestinum þínum þætti ekki að hlaupa svona hart við skulum hægja ferðina.“

„Hvaða vægð ertu að fara með. Þorirðu að reyna gæðinginn þinn?“ sagði eldri bróðirinn.

Yngri bróðirinn knúði hest sinn af öllum kröftum og sló hann rokna högg. Hesturinn endist og herti svo á sprettinum að hann komst fram úr. Hyggni og gantaði, þarna geturðu séð að minn hestur er miklu fljótari. Þegar eldri bróðirinn heyrði þessi orð varð hann frávita af bræði. Hann greip bogann, lagði ör á streng miðaði og skaut. Boginn kvað við, örin þaut af strengnum í hálsinn á bróður hans. Hann rak upp hljóð og hneig af baki.
Eldra bróðurnum rann óðara reiðin. Hann kastaði sér grátandi yfir bróður sinn og dró örina úr sárinu þarna lá bróðir hans bleikur og blóðugur. Hann lét hann varlega upp hann honum á bak gekk mjög hæg inn við hlið hans og studdi hann.
Loks komu þeir á bæ. Sjúklingurinn var borinn inn sár hans þvegið og bundið um það. Eftir tvo daga lögðu bræðurnir af stað, þeir fóru hægt, eins og þeir væru í líkfylgd.
Þegar þeir komu heim var faðir þeirra liðið lík. Hann andaðist daginn áður.
Eftir nokkra daga héldu synirnir aftur af stað, í djúpum hugsunum.
Loks sagði yngri bróðirinn
„Veistu hvað það er sem ekki kemur aftur."
„Ör, sem skotið er af boga kemur aldrei aftur."
„Þú hefir rétt að mæla en ég átti ekki við örina" sagði yngri bróðirinn.
„Það er talað orð, sem aldrei verður aftur tekið". Já, sagði eldri bróðirinn, og það er enn eitt, sem aldrei kemur aftur. Tíminn, sem við glötuðum, kemur aldrei aftur.

Bræðurnir höfðu rétt að mæla.
Það sem aldrei kemur aftur er:
Unnið verk, töluð orð og liðin stund.
Þetta ættum við öll að reyna að muna.

Skuggi.

## Skrítlur.

1. Drengur gekk inn í mjög skraut-
lega búð, lagði hálsbindi á borðið
og sagði: „Ég keypti þetta í fyrradag
og ég vil skila því aftur."
„En það hefir verið hnitað."
„Já, ég hnitaði það í gær, ég var að
biðja mér stúlku og hún neitaði mér,
og það er þess vegna, ég skila því.
2. Háskóla-kennari vaknaði eina nótt
við það, að þjófur var kominn inn
í íbúðina hans. Kennarinn stökk
upp úr rúminu og náði í þjófinn,
og skipaði honum að koma með
sér á lögreglustöðina. Á leiðinni
gleymdi kennarinn sér. Þegar þeir
komu að gatnamótum, sagði þjófurinn:
„Nú fer ég hérna."
„Já, gerðu svo vel", sagði háskóla-
kennarinn og kvaddi hann vingjarn-
lega. „og komdu það fyrsta þú
getur aftur."
3. Gesturinn við veitingakonuna:
„Eruð þér gengin af göflunum kona;
þér þurrkið af diskunum með svunt-
unni yðar."
„Já, það sér ekki á svuntunni, hún er
skítug hvort sem er."
4. Lítil stúlka var send á prestsetrið,
og var boðið að borða.
Þegar prestur var búinn að lesa borð-
bænina sagði stúlkan:
„Ekki fer hann pabbi svona að því
að lesa borðbænina."
„Hvernig gerir hann það, barnið mitt."
„Hann segir bara: Hamingjan góða,
en sá matur."

D.